

Ed.

594. Frumvarp

til laga um Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Tilgangur Fiskiveiðasjóðs Íslands er að styðja bátautveg landsmanna með haldkvæmum lánum.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er:

- I. Eignir hins gamla fiskiveiðasjóðs, i peningum og skuldabréfum, eins og þær verða, er lög þessi öðlast gildi.
- II. 60000 kr. árlegt framlag til sjóðsins úr rikissjóði i 10 ár, en þaðan af 30000 kr. á ári.
- III. 500000 kr., sem rikissjóður með lántöku eða á annan hátt leggur sjóðnum til fyrst um sinn, jafnframt og lög þessi ganga i gildi, og greiðast rikissjóði árlega 4% vextir af því fje.

3. gr.

Fiskiveiðasjóður skiftist i 2 deildir með aðgreindum fjárhag: *skipakaupadeild* og *rekstrarlánadeild*. Undir skipakaupadeild fellur fje það, sem talið er i I. og II. lið 2. gr., en fje eftir III. lið fellur undir rekstrarlánadeild.

Óvissar tekjur sjóðsins og árlegur tekjuafgangur skiftist jafnt milli beggja deilda hans.

4. gr.

Fje skipakaupadeildar má eingöngu lána til:

- a) skipakaupa, alt að 50 rúmlesta.
- b) stofnsetningar iðjufyrirtækja i sambandi við fiskiveiðar, svo sem til hagnýtingar fiskiúrgangi, íshúsa og kælihúsa.

Lán úr rekstrarlánadeild veitast til útgerðar og rekstrar fiskibáta, alt að 30 rúmlesta, og til fiskimanna, sem verka hlut sinn sjálfir og selja. Má lán þessi veita gegn veði i fiskifeng, sem á land er kominn, eða öðrum tryggingum, sem sjóðsstjórnin tekur gildar.

Aldrei skulu slik lán veitt eða framlengd lengur en svo, að hverju láni sje lokið á árstresti, og skulu vextir vera að minsta kosti 1/2% undir gildandi víxilbankavöxtum.

5. gr.

Skipakaupalán má veita til 10 ára og mega þau nema alt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 25000 kr. til eins lánsþega.

Lán til iðjufyrirtækja veitast til alt að 15 árum, og mega þau nema 1/3

stofnkostnaðar fyrirtækjanna. Þó skal lán í einn stað ekki fara fram úr 35000 kr.
Vextir lána eftir þessari grein skulu að jafnaði ekki fara fram úr 5¹/₂%.

6. gr.

Lán úr skipakaupadeild má veita gegn þessum tryggingum:

- a) gegn fasteignaveði, alt að $\frac{1}{6}$ af virðingarverði veðsins, og hvíli engar skuldbindingar á veðinu á undan veðrjetti sjóðsins.
- b) gegn fyrsta veðrjetti í skipum, sem eigi sigla til útlanda, alt að helmingi virðingarverðs þeirra, enda gangi þá veðrjettur sjóðsins fyrir öllum öðrum tryggingum í skipinu, þar á meðal hverskonar sjóveðrjetti.

7. gr.

Eignir þær, er Fiskiveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem ger verður ákveðið í reglugerð sjóðsins. Stjórn sjóðsins geturheimtað endurmat á slíkum eignum, hvenær sem þær ganga úr sjer, gallast eða rýrna á einhvern veg.

8. gr.

Landsbankanum skal falin stjórn sjóðsins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður, og lætur bankinn útibú sin annast útlánsstarfsemina í þeim firnari landshlutum. Skal útlánsfjenu skift sem jafnast eftir útgerðarmagni báta í þeim einstöku landshlutum.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á stjórn sjóðsins.

10. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1930, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 52 1905 og lög nr. 29 1907, sem og önnur fyrirmæli í lögum, skipulagskrá og reglugerð, er fara í bága við lög þessi.